

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Um endurmat á stjórnunarþætti kennarastarfsins í kjaraviðræðum

5. aðalfundur FG beinir því til stjórnar FG að hún beiti sér fyrir því í yfirstandandi kjaraviðræðum við viðsemjendur að stjórnunarþáttur kennarastarfsins verði endurmetinn frá grunni.

Greinargerð:

Það er með ólíkindum hversu lengi við höfum komist upp með að „gleyma“ því að kennarastarfið er í eðli sínu fyrst og fremst stjórnunarstarf. Hinn faglegi þáttur má sín harla lítið ef góð bekkjarstjórnun er ekki til staðar. Það er mjög aðkallandi verkefni að færa fókusinn á stjórnun alveg niður í grasrót og umbuna í samræmi við álag og umfang þeirra verka sem unnin eru.